

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Sviðsstjóri vettvangseftirlits



Matvælastofnun óskar eftir að ráða framsækinn og reyndan leiðtoga til að stýra sviði vettvangseftirlits sem staðsett er á **Selfossi**. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á þróun, samvinnu og samskiptum við ólíka einstaklinga.

Sviðið ber ábyrgð á eftirliti með matvælaframleiðslu ásamt dýraheilsu og velferð og tilheyra héraðsdýralæknaumdæmi landsins sviðinu. Um er að ræða áhugavert starf þar sem viðkomandi fær tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stofnunarinnar, innleiða nýja starfsferla og byggja upp áætlun til framtíðar hjá stofnuninni.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum sviðsins
- Samræming eftirlits milli umdæma landsins
- Frumkvæði að þróun eftirlits og hagnýtingu tækninýjunga í eftirliti
- Ábyrgð á gerð greininga í þágu eftirlits og áætlana
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu á stefnu stofnunarinnar
- Samskipti við stofnanir, hagsmunaaðila og ráðuneyti
- Þátttaka í yfirstjórn stofnunarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl stjórnunarreynsla ásamt yfirgripsmikilli reynslu sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Leiðtogahæfni og geta til að skapa góða liðsheild
- Framsýni, metnaður og drifkraftur
- Jákvætt og lausnamiðað hugarfar
- Marktæk reynsla af stefnumótun og markmiðasetningu
- Góð greiningarhæfni
- Þekking á málaflokkum stofnunarinnar er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Matvælastofnun er nútímaleg og framsækin þjónustustofnun sem gætir hagsmuna neytenda, dýra og plantna. Megináhersla er lögð á starfsánægju og samskipti ásamt því að vera öflugt og lifandi þekkingarsamfélag.

Við stöndum vörð um heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar.

Til að rækta það er áhersla lögð á að búa yfir bestu þekkingu á matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra ásamt því að ástunda traust, vandað og áhættumiðað eftirlit. Starfsfólk Matvælastofnunar vinnur í anda gilda stofnunarinnar um **fagmennsku, gagnsæi og traust**.

Umsóknarfrestur er til og með **1. júlí 2024**. Umsókninni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511-1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Evrópskt mennta- og æskulýðssamstarf

Viltu stuðla að þátttöku ungs fólks í alþjóðlegu samstarfi?

Rannís óskar eftir sérfræðingi í fullt starf á mennta- og menningarsviði, til að verða hluti af æskulýðsteymi Landskrifstofu Erasmus+ og European Solidarity Corps. Starfið felur í sér að kynna þau tækifæri sem bjóðast í evrópsku samstarfi fyrir þeim sem starfa með ungu fólki í sjálfbodastörfum og samfélagsverkefnum og að hafa umsjón með umsóknum og verkefnum sem styrkt eru af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á íslensku menntakerfi og/eða æskulýðsstarfi
- Mjög góð færni í íslensku og ensku bæði í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og framúrskarandi samskiptafærni
- Lífandi framkoma og leiðtoga færni
- Reynsla af verkefnastjórnun og kynningarstarfi er kostur
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er kostur
- Færni í notkun algengra tölvuforrita og góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Aðalheiður Jónsdóttir, sviðstjóri mennta- og menningarsviðs í síma 515 5806 eða í netfangi adalheidur.jonsdottir@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2024.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisstefnu Rannís og fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.



 Hafnarnes VER hf.

Yfirvélstjóri

óskast á Jöhönnu ÁR 206.
Sæbjúgnaveiðar.

Nánari upplýsingar veita
Hannes í síma 892 0367 og Jón í síma 841 0863



U.S. Embassy Reykjavík
Sendiráð Bandaríkjanna

HUMAN RESOURCES ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavík seeks a Human Resources Assistant for performing personnel administration, including payroll, pensions, awards program, and recruitment.

Application deadline is June 23, 2024.



Join Our Team!



Embætti dómara við Landsrétt laust til setningar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til setningar embætti dómara við Landsrétt meðan á leyfi skipaðs dómara við Landsrétt stendur. Sett verður í embættið frá og með 1. september 2024 og er miðað við að setningin vari til 28. febrúar 2029. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 1. júlí nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
14. júní 2024.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Smáauglýsingar · sími 569 1100

Morgunblaðið





Ráðuneytisstjóri innviðaráðuneytisins

Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra innviðaráðuneytisins.

Verkefni ráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, grunnskrár, húsnæðis- og mannvirkjamál og skipulagsmál. Undir ráðuneytið heyra Byggðastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Samgöngustofa, Skipulagsstofnun, Vegagerðin og Þjóðskrá Íslands.

Hlutverk ráðuneytisins er að vera leiðandi í stefnumótun og áætlanagerð, hafa eftirlit með stofnunum og eigum ríkisins, meðferð stjórnáhrifa og rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins. Ráðuneytið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, leggur áherslu á víðtækt samráð og upplýsingagjöf og vandaða vinnu við gerð laga og reglugerða.

Helstu verkefni og ábyrgð

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn innviðaráðherra. Ráðherra setur ráðuneytisstjóra erindisbréf þar sem kveðið er á um starfssvið og starfsskyldur, sbr. 18. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Starfssvið og starfsskyldur ráðuneytisstjóra eru víðtækar og ber ráðuneytisstjóri m.a. fjárhagslega og faglega ábyrgð gagnvart ráðherra á starfsemi ráðuneytis. Þá ber ráðuneytisstjóra að veita ráðherra upplýsingar og ráðgjöf þannig að ráðherra geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun og sé vel upplýst varðandi þau mál sem unnið er að. Ráðuneytisstjóra ber einnig að stuðla að framgangi og árangri löggjafar á málefnasviðum ráðuneytisins og að afgreiðsla mála á hverjum tíma sé fagleg. Þá ber ráðuneytisstjóra að samhæfa stefnumótun á öllum málefnasviðum ráðuneytisins, stuðla að samhentri stjórnáhrifa og samræma stefnu og aðgerðir ráðuneytisins við vinnu annarra ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast.

Hæfniskröfur

Ráðuneytisstjóri þarf að vera framsýnn og skapandi í hugsun auk þess að búa yfir ríkri hæfni í samskiptum og samvinnu og hafa metnað til að taka þátt í að leiða Ísland til aukinnar hagsældar. Ráðuneytisstjóri þarf að vinna af heilindum að innleiðingu stefnu stjórnvalda hverju sinni, með hag samfélagsins að leiðarljósi.

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraáhrifa er skilyrði ásamt þekkingu og reynslu á verkefnasviði innviðaráðuneytisins. Áhersla er lögð á stjórnunarreynslu og færni í mannlegum samskiptum. Jafnframt er gerð krafa um góða tungumálakunnáttu auk hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Mikilvægt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu á sviði opinberrar stjórnáhrifa.

Frekari upplýsingar um starfið

Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115/2011.

Innviðaráðherra skipar í embættið frá og með 1. september 2024 til fimm ára í senn.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi með upplýsingum um ástæðu umsóknar og þann árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist embættinu. Hæfnisnefnd metur hæfni umsækjenda samkvæmt reglum nr. 393/2012. Umsókn skal skila rafrænt á starfatorg.is.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að loknum umsóknarfresti. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins er að finna á www.irn.is

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 12.07.2024

Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Kristín Stefánsdóttir,
sigurborg.stefansdottir@irn.is

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Smáauglýsingar

569 1100

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.isKassagítarar
á tilboðiGítarar
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Húsviðhald

Húsviðgerðir
www.husco.isSími 555 1947
Gsm 894 0217FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERKÁsamt öllu almennu viðhaldi
fasteignaÁratuga reynsla og þekking
skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð**Strúctor**
byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Til sölu



LiFePO4 rafgeymar til sölu:

12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk

12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk

12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk

Nánari upplýsingar á LiTime.com
og YoutubeMerbau pallaefni(mahogany)
21x145mm Verð tilboðBankirai pallaefni(parket)
21x145mm Verð tilboðCumaru panill 10x90mm og pallaefni
21x90mm, 21x140mm

Penofin harðviðarolía 3,8 lítrar

Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.
opið 10-14 virka daga
magnus@vidur.is
gsm: 660 0230 Magnús

- Hreinsum burtu alla málningu af húsum
- Þvottur fyrir múrviðgerðir
- Þvottur á skipum og tækjum
- Gangstétta- og bílastæðahreinsun
- Þvottur á sólpöllum, gluggaþvottur o.m.fl

Sími 555 6005 & 860 2130

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!

blastur.is - blastur@blastur.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810
eða sendu sms og við
höfum samband

Sumarhús



Sumarhús - Heilsárs hús

Gestahús - Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárs hús í ýmsum stærðum.
 - Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
 - Smíðum gestahús - margar útfærslur.
 - Sjáum um almenn viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
 - Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
 - Áratugareynsla - endilega kynnið ykkur málið.
- Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,
sími 892-3742 og 483-3693,
www.tresmidjan.is

Þjónusta

SANDBLÁSTUR
& MÁLUN
á stáli, tré o.fl.þú kemur til okkar
eða við til þín

www.BLASTUR.IS

Blásam nýju lífi í hlutina

Verkstæði & verktaf
Helluhrauni 6, 220 Hfj.
S. 555-6005

Byggingar

Byggingafyrirtæki
getur bætt við sig verkom

Uppslátt á húsum og sökklum.

Þakendurbætur, tek niður
pantannir fyrir næsta ár 2024, geri
tilboð í verk.Stálgrindarhús, geri tilboð, er í
samstarfi við innflutningsaðila.Sumarhús, breytingar eða byggja
nýtt hús, geri tilboð.Nánari upplýsingar - Bjóssi
smíður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

Málarar

Málarar

Tökum að okkur öll almenn
málningarverkefni við erum
faglarðir málar með mikla
reynslu. Sangjarnir í verðum.
Hafið samband í síma 782-4540
eða loggildurmalari@gmail.com

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag
ReykjavíkurSíðumúla 31
588 6060 og 894 4014Félagið býður uppá miðlænska-
tíma fyrir félagsmenn og aðra.
Ennfremur ráðgjöf um næmni
og hugsanlega miðilshæfileika,
söfnun dulrænna reynslusaga,
ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.

Þórhallur Guðmundsson miðill.

- Einnig er möguleiki á að fá
einkatíma í gegnum síma hvert á
land sem er, sem og erlendis.Svörum í síma frá kl. 13-18
flesta daga ársins

SRFR.

Veidi

HEIMAVÍK
Sumarið er tíminn

Tveir góðir úr nýju netunum

Sjóbleikjunet - Silunganet

Fyrirráttarnet

Laxanet fyrir veiðiréttihafa

Ofurbleikjunet, grunn

Kraftaverkanet - margar tegundir

Bólfaeri - Netpökar

Eitthvað meira skemmtilegt

Sendum um allt land

Þekking - Reynsla - Gæði

HEIMAVÍK EHF
heimavik.is
s. 892 8655

Raðauglýsingar

Listmunir

Leitum að verkum eftir

Jóhannes Kjarval
Alfreð Flóka
Kristján Davíðsson
Guðmunda Andrésd.Einnig eftir Þorvald Skúlason
og Hafstein Austmann fyrir fjársterkan aðila.Upplýsingar í síma 895 0665
smidjanlisthus@simnet.is

Smíðjan listhús, stofnað 1991

Ármúla 36.

Tilboð/útboð

Útboð

Leikskólinn Áshamar -
lóðarframkvæmdHafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum
í lóðarframkvæmd vegna nýbyggingar
leikskóla við Áshamar 9 í Hafnarfirði.
Leikskólinn var boðinn út í alútboði,
án lóðarframkvæmdar. Samið var við
þarfþing um framkvæmd byggingarinnar
og eru umsamin verklok 31. janúar 2025.
Skólinn er um 1.200 m² og er sex deilda.
Lóðin er um 12.500 m² að flatarmáli og
þar af er leikskólabyggingin um 1.200 m².
Verktaki fær lóðina afhenta grófjafnaða
í hæð um 15 cm undir endanlegri hæð.
Framkvæmdin felst í að fullgera lóð og
bílastæði með girðingum, leiktækjum o. fl.

Verklök í tveimur áföngum

Verklök eru í tveimur áföngum, 15.
desember 2024 og 1. maí 2025. Um
rafrænt útboð er að ræða og skal öllum
tilboðum og fylgigögnum skilað í gegnum
rafræna útboðskerfið Ajoursystem þar sem
spurningar og svör verða líka meðhöndluð
rafrænt. **Tilboðum skal skilað fyrir kl. 11**
Þriðjudaginn 9. júlí 2024.Nánar á:
hfj.is/utbod

Raðauglýsingar

Tilboð/útboð

Breyting á deiliskipulagi
Hólmabrunar, Dalsbrunar
og HjallabrunarBæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann
13. júní 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulags-
breytingu á deiliskipulagi Hólmabrunar, Dalsbrunar
og Hjallabrunar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipu-
lagslaga nr. 123/2010. Markmið deiliskipulags-
breytingarinnar er að heimila sólstofur við parhús í
Hjallabrun, í samræmi við þegar fengnar heimildir
fyrir sólstofur í Dalsbrun, sem og að heimila bygg-
ingu tveggja hæða íbúðarhúss á lóð Hólmabrunar
20, í samræmi við jarðvegsaðstæður á lóð.Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt undir máls-
númeri 786/2024, liggur frammi á bæjarskrifstofu
Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á
heimasíðu Hveragerðisbæjar.Pau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er
gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með
umsögn á Skipulagsgátt, í síðasta lagi 19. júlí
2024.Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið
hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR
& SMÁVÉLAVIÐGERÐIRÖll almenn járnsmíði - Sláttuorf
Sláttutruktarar - Dælur -
Jarðvegsþjoppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði - Sláttuorf
Keðjusagir - Hekklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávelum



SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Síman: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502